

ÁRSSKÝRSLA 2011



NORÐURLOKA
VATNSVEITA - RAFVEITA - HITAVEITA



EFNISYFIRLIT

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	2
STJÓRN OG SKIPURIT	3
REKSTUR 2011 - YFIRLIT FORSTJÓRA	4
LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA	10
LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA	13
LYKILSTÆRÐIR - VATNSVEITA	16
PUNKTAR ÚR SÖGU JARÐHITAVINNSLU Í ÓLAFSFIRÐI OG FNJÓSKADAL	19
ÁRSREIKNINGUR 2011	21

ÁBYRGÐARMAÐUR: BALUR DÝRFJÖRÐ
 ÚTLITSHÖNNUN: GEIMSTOFAN
 PRENTUN: ÁSPRENT
 FORSÍÐUMYND: HÖRÐUR FINNBOGASON
 LJÓSMYNDIR:
 BALDUR DÝRFJÖRÐ
 BLS 4, 5, 9, 11, 14, 15, 16, 18, 19, 20, 35, 36
 FINNBOGI MARINÓSSON
 BLS 2, 3, 4, 7
 VIGFÚS INGI HAUSSON
 BLS 6

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Orkumál á Íslandi hafa verið mikið í umræðunni á undanförunum árum og ekki að ósekju þar sem orkugeirinn er afar mikilvæg atvinnugrein fyrir okkur Íslendinga. Stefna þeirrar ríkisstjórnar sem situr hverju sinni er því afar mikilvæg og æskilegt er að sem mest sátt ríki í þjóðfélaginu um það hvernig við förum með okkar dýrmætu auðlindir. Mjög hefur verið kallað eftir stefnu núverandi ríkisstjórnar í þessum málum og hafa sveitarfélög á Norðausturlandi bent á mikil tækifæri til atvinnuuppbyggingar tengd orkufrekum iðnaði á svæðinu.

Á árinu 2011 var nokkuð dregið úr þeirri óvissu sem verið hefur um orkumál og mögulega virkjanakosti á Íslandi með útgáfu skýrslu um 2. áfanga rammaáætlunar sem afhent var ráðherrum þann 6. júlí síðastliðinn. Tvær virkjanir sem tenjast Norðurorku lentu í svokölluðum biðflokk en flestir þeir kostir sem þar höfnuðu gerðu það vegna ónógra rannsóknna m.a. á umhverfisáhrifum. Annars vegar er um að ræða Hrafnabjargavirkjun A, en réttur til að virkja innarlega í Skjálfandaflljóti er í eigu félagsins Hrafnabjargavirkjun ehf. sem er að 18,7% hluta í eigu Norðurorku. Hins vegar Eyjardalsárvirkjun sem er fyrirhuguð um 8MW rennslisvirkjun í Skjálfandaflljóti við Eyjardalsá. Hefur dótturfélag Norðurorku, Fallorka, gert samkomulag við landeigendur um virkjun þar. En eins og áður segir eru þessir virkjanakostir háðir því að náist að færa þá úr biðflokki í nýtingarflokk rammaáætlunar. Ekki er líklegt að farið verði í þessa virkjanakosti alveg á næstunni en engu að síður mikilvægt að standa vörð um hagsmuni Norðurorku og dótturfélagsins

Fallorku með því að viðhalda réttinum til nýtingar. Til lengri tíma lítið er ljóst að umtalsverð verðmæti eru í því fölgín að hafa rétt til nýtingar á þessum svæðum.

Þá hefur Fallorka áfram unnið að gagnaöflun og skoðun á mögulegri virkjun í Glerá en það verkefni er það lítið að það fellur ekki undir fyrrnefnda rammaáætlun. Innan Norðurorku er unnið að hugmyndum um virkjun á rennsli neysluvatnsins ofan úr Hlíðarfjalli í tengslum við endurnýjun á búnaði vatnsveitunnar. Allt eru þetta spennandi verkefni sem gaman verður að sjá hvernig þróast á komandi misserum og árum.

Starfsemi Norðurorku var með hefðbundnu sniði á árinu og gekk reksturinn vel. Stjórn fyrirtækisins hefur markað þá stefnu að viðskiptavinir fyrirtækisins skuli fyrst og fremst njóta þess þegar vel gengur. Verð á raforkudreifingu á Akureyri er nú það lægsta á landinu, en það hefur farið lækkanði að raunvirði undanfarin ár. Raunverð hitaveitu hefur einnig farið lækkanði og í fyrsta sinn í sögunni greiðir meðalnotandi hjá Norðurorku lægra verð en hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Ein breyting varð á stjórn Norðurorku hf. á árinu auk þess sem skipulagi fyrirtækisins var breytt verulega. Á aðalfundi í mars, urðu þær breytingar á stjórn að Bjarni Jónasson lét af störfum sem stjórnarmaður og í hans stað kom Njáll Trausti Friðbertsson. Er Bjarna þakkað sérstaklega fyrir hans framlag sem stjórnarmaður í gegnum árin en hann hefur setið í stjórninni samfellt frá árinu 2003 og þar af sem stjórnarformaður frá 2003 til 2006.

Þann 1. júní tók gildi nýtt skipulag fyrirtækisins en inntak þeirra breytinga var að einfalda skipulagið og auka þjónustu við viðskiptavininn. Við þessar breytingar var yfirmönnum fækkað og komið á lagginnar sérstöku þjónustuveri og ráðinn þjónustustjóri. Í nýju skipulagi eru þjónustu- og fjármálasvið, framkvæmdasvið og síðan stoðsvið sem nefnist þróun.

Það var svo um miðjan september sem nýr forstjóri, Ágústi Torfi Hauksson, tók við stjórnartumum fyrirtækisins. Franz Árnason steig þá úr forstjórastólnum en Franz hafði verið forstjóri Norðurorku frá stofnun hennar árið 2000. Franz var ráðinn hitaveitustjóri Hitaveitu Akureyrar árið 1986, árið 1990 tók Franz við stjórn Vatnsveitu Akureyrar ásamt Hitaveitunni og árið 1993 voru síðan hitaveitan og vatnsveitan sameinuð formlega undir nafninu Hita- og

vatnsveita Akureyrar (HVA).

Margt hefur drifið á daga Norðurorku hf. frá stofnun hennar og hefur Franz leitt þá uppbyggingu með miklum dugnaði og sóma. Þjónustusvæði hitaveitu Norðurorku hefur stækkað með því að félagið hefur keypt fjórar hitaveitur sveitarfélaga í Eyjafirði og byggt upp nýja veitu í Þingeyjarsveit og Grýtu-bakkahreppi. Þá hefur Norðurorka hf. undir stjórn Franz tekið þátt í samstarfsverkefnum á Norðurlandi og má nefna Þeistareyki ehf. sem dæmi um það. Rík ástæða er til að þakka Franz fyrir gifturíkt og fórnúst starf hans í þágu fyrirtækisins.

Franz hefur þó ekki enn sagt skilið við fyrirtækið en hann gegnir nú sérverkefnum og mun hann m.a. hafa hönd í bagga við ritun sögu Norðurorku og veitnanna sem eru forverar hennar, en stjórn hefur gert samning við sagnfræðinginn Jón Hjaltason um það verk. Mun verkið ná til sögu vatnsveitunnar og hitaveitunnar frá stofnun þeirra auk þess sem sögu rafveitunnar ritaðri af Gísla Jónssyni menntaskólakennara verður fléttuð inn í verkið. Gert er ráð fyrir að verkið verði tilbúið til útgáfu árið 2014 en það ár eru 100 ár liðin frá stofnun Vatnsveitu Akureyrar. Full ástæða er til að gera því skil sem gerst hefur þá tæpu öld sem liðin er frá því að vaskir menn gengu upp að Hesjuvallalindum með reku og haka vorið 1914 í þeim tilgangi að færa samborgurum sínum ferskt vatn til drykkjar og þvotta. Enn þann dag í dag eru í notkun lindir sem handgrafnar voru á sínum tíma. Það að vatnsveita Norðurorku hafi aðgang að jafn góðu fersku vatni og raun ber vitni beint fyrir ofan bæinn án nokkurrar dælingar er mikið lán. Því er afar mikilvægt fyrir okkur sem nú er treyst fyrir þessum auðlindum að ganga um þær af mikilli virðingu og muna að það þarf ekki mikið til að spilla viðkvæmum grunnvatnslindum. Er það stefna Norðurorku nú þegar vatnsveitan er að nálgast aldar afmælið að bæta búnað og endurgera umgjörð um Hesjuvallalindir með það að markmiði að ná þar meira vatni enda hagkvæmasta leið Norðurorku til að nálgast neysluvatn fyrir sína viðskiptavini. Ég vil að lokum þakka öllu starfsfólki fyrirtækisins fyrir gott samstarf og vel unnin störf áliðnuári. Einnig færi ég viðskiptavinum, hluthöfum og samstarfsaðilum bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu. Loks þakka ég forstjórunum Franz Árnasyni og Ágústi Torfa Haukssyni ásamt meðstjórnendum mínum ánægjulegt og gott samstarf.



Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður

STJÓRN OG SKIPURIT




STJÓRN NORÐURORKU HF. 2011

Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður
 Halla Björk Reynisdóttir, varaformaður
 Edward Hákon Huijbens, ritari
 Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi
 Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi

Varastjórn:
 Haraldur Helgason
 Inda Björk Gunnarsdóttir
 Kristín Sigfúsdóttir
 Oddur Helgi Halldórsson
 Sigurður Hermannsson

SKIPURIT



STARFSEMI NORÐURORKU HF. Á ÁRINU 2011

STJÓRNSÝSLA

Níundi aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 18. mars 2011. Fulltrúar allra hluthafa nema Svalbarðsstrandarhrepps mættu til fundarins. Hluthafar eru Akureyrarbær 98,26%, Hörgársveit 0,8%, Eyjafjarðarsveit 0,12%, Grýtubakkahreppur 0,18%, Svalbarðsstrandarhreppur 0,46% og Þingeyjarsveit 0,18%. Á aðalfundinum var kjörin stjórn fyrirtækisins og skipti hún með sér verkum á fyrsta fundi sínum, sem haldinn var strax að aðalfundi loknum, þannig: Formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Halla Björk Reynisdóttir, Edward H. Huijbens ritari og meðstjórnendur Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson. Í varastjórn voru kjörin þau Haraldur Helgason, Inga Björk Gunnarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Oddur Helgi Halldórsson og Sigurður Hermannsson. Stjórnin hefur komið saman til fundar sautján sinnum frá síðasta aðalfundi. Forstjóraskipti voru hjá Norðurorku hf. þann 15. september 2011 þegar Franz Árnason sem verið hefur forstjóri Norðurorku hf. frá upphafi lét af störfum að eigin ósk og Ágúst Torfi Hauksson vélaverkfræðingur tók við.

Franz Árnason hóf störf sem hitaveitustjóri hjá Hitaveitu Akureyrar í byrjun árs 1987. Hann varð síðan hita- og vatnsveitustjóri

árið 1990 og framkvæmdastjóri Norðurorku við stofnun félagsins í ágúst árið 2000. Franz var síðan ráðinn forstjóri Norðurorku hf. við stofnun fyrirtækisins þann 1. janúar 2003. Hann hefur því tekið þátt í að sameina allar fyrrum veitustofnanir Akureyrarbæjar í öflugt orku- og veitufyrirtæki sem nú býr við góðan fjárhag og nýtur starfskrafta öflugra starfsmanna.

ÁVINNINGUR AF JARÐHITAVINNSLU OG HITAVEITUM

Hitaveituvæðing flestra bæja og byggðakjarna auk stórra dreifbýlissvæða á Íslandi er talin hafa sparað þjóðarbúinu um 10-20 milljarða króna í erlendum gjaldmiðlum árlega, sem ella færu í kaup á erlendum orkugjöfum. Þróunin hefur orðið sú að olíu- og kolahitun er að mestu horfin, nema á stöðum eins og Grímsey þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð. Nú er algengast að húsnæði utan hitaveituvæðdra svæða sé kynt með rafmagni. Nýting á raforku til húshitunar þar sem hægt er að koma öðrum umhverfisvænum orkugjöfum við er í raun sóun á exergíu sem er mælikvarði á nýtanleika orku. Rafmagn er í eðli sínu eitt hreinasta form orku sem til er. Með raforku getum við gert næstum hvað sem er og það eina sem stendur í vegi fyrir enn frekari notkun eru erfiðleikar við að geyma hana. Það er því forgangsmál að nýta raforkuna sem allra best en sóa henni ekki í jafn einfalt verk og til að skapa hita.

Norðurorka er ávallt að huga að því hvernig tengja megi fleiri notendur við hitaveitu, hvort sem er með stækkun á núverandi dreifikerfi eða með mögulegum nýjum veitum. Viðleitni í þá átt eru til dæmis talsverðar rannsóknir sem gerðar voru í Hörgársveit á nýliðnu ári, en nánar er fjallað um þær síðar. Eins hefur verið lagt nýtt dreifikerfi sunnan Botns í Eyjafjarðarsveit og hugað að frekari stækkun þess. Sú viðbót eins og sú fyrri er dýr og forsenda þess að hún borgi sig er að allir notendur á svæðinu taki þátt í verkefninu.

VERÐSKRÁR

Á línuriti sem sýnir þróun verðs á heitu vatni hjá Norðurorku frá 1985 til 2012 borið saman við vísitölu neysluverðs á sama tímabili, sést að góður árangur hefur náðst í rekstri hitaveitunnar á þessum árum. Margir muna að fyrstu árin í rekstri veitunnar voru erfið. Verðið sem Akureyringar og nærsveitarnir þurftu að greiða fyrir heita vatnið var með allra hæsta móti á landinu á þeim tíma. Kostnaður við jarðhitaleit og boranir var mikill auk þess sem veitan var ný og dreifikerfið byggðist hratt upp. Ljóst er að sú stefna sem tekin var í upphafi og þá sér í lagi að haga gjaldtöku á ábyrgan hátt, hefur skilað sér mjög vel til viðskiptavinanna. Nú er svo komið í fyrsta sinn frá stofnun hitaveitunnar að meðalnotkun hjá Norðurorku er á sambærilegu eða lægra verði en hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Það er stefna Norðurorku að veita sem besta þjónustu á sem hagkvæmstu verði og bera verðskrárbreytingar Norðurorku um síðastliðin áramót því vitni. Á meðan verðlag í landinu, og þar með ýmis rekstrarkostnaður í veiturekstri hefur hækkað umtalsvert hefur hækkunum á verðskrá verið stíllt verulega í hóf og einungis Reykjavæita og vatnsveita hækkað í samræmi við vísitölu neysluverðs eða 5,28% en aðrar veitur mun minna. Árið 2011 er fyrsta árið þar sem orkumælar eru notaðir í Reykjavæitu og eru þeir jafnframt



Ágúst Torfi Hauksson forstjóri



þeir fyrstu sem Norðurorka tekur í notkun. Orkumælar virka þannig að notandinn greiðir fyrir kílóvattstundir í stað þess að greiða fyrir rúmmetra eins og venja er. Þessi söluaðferð hentar vel í Reykjaveitu þar sem inntakshitastig notenda er æði misjafnt á víðfeðmu þjónustusvæði hennar. Við ákvörðun kílóvattstundafjölda í hverjum rúmmetra heita vatnsins er miðað við hitastigsfall frá inntakshita niður í 25°C. Reiknilíkan sem gert var vegna yfirfærslu úr rúmmetrum í kílóvattstundir stóðst ágætlega og eftir árs keyrslu með nýrri gjaldtökuáðferð kom í ljós að ekki þurfti að gera neinar leiðréttingar á verðskrá þess vegna. Aðrar breytingar á verðskrá byggðu á samningi sem gerður var um uppbyggingu veitunnar við Grýtubakkahrepp og Þingeyjarsveit á sínum tíma. Fyrir liggur að arðsemi Reykjaveitu er undir því lágmarki sem miðað var við við nefnda samningsgerð og því var tveim víkjandi lánnum sem sveitarfélögin veittu til byggingar Reykjaveitu breytt í óafturkræft framlag til hennar.

Rúmmetragjald hitaveitu Norðurorku, utan Reykjaveitu, hækkaði um 3,16% nú en fastagjald hækkaði ekki og er fastagjaldið það sama á öllum veitusvæðum fyrirtækisins. Þetta þýðir að hækkun fyrir meðalheimili er aðeins 2,12% á meðan verðbólga er á bilinu tæp sex, til rúmlega tíu prósent eftir því hvaða vísitala er skoðuð.

Gjaldskrá raforkudreifingar hækkaði um 3% nú milli ára sem er raunlækkun sé tekið mið af fyrrgreindum vísitölum. Raunverð raforkudreifingar hefur farið lækkandi hjá Norðurorku frá árinu 2005 og er í dag það lægsta á landinu.

Það hafði umtalsverð áhrif á suma viðskiptavinum Norðurorku á liðnu ári að Landsvirkjun hætti að selja ótrygga orku, en stórnotendum sem vegna reksturs síns þola rof á afhendingu raforku, hefur staðið til boða um árabíl að kaupa ótrygga orku á vægara gjaldi en hinum almenna taxta. Landsnet og dreifiveiturnar hafa svo til samræmis boðið upp á ótrygga flutning og ótrygga dreifingu á téðri ótryggri orku til þessara viðskiptavina. Stjórn Norðurorku ákvað í kjölfar þessara breyttu forsendna í rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja sem nýtt höfðu þennan valkost að bjóða áfram upp á ótrygga dreifingu, en áður hafði Landsnet tilkynnt að áfram yrði boðið upp á ótrygga flutning raforku til þessara notenda. Þannig næst að milda þau áhrif sem þessi hækkun hefur á viðskiptavinum en allnokkur meðalstór

og stór fyrirtæki á dreifiveitusvæði Norðurorku njóta þessara aðgerða.

SAMTÖK, DÓTTUR- OG HLUDEILDARFÉLÖG


Norðurorka á aðild að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, en í gegnum Samorku er Norðurorka aðili að Samtökum atvinnulífsins sem sjá m.a. um kjarasamningagerð fyrir Norðurorku hf. Flestir samningar voru lausir á árinu 2011 og tókst að klára þá alla á tilsettum tíma. Norðurorka er einnig félagi í Landssamtökum landeigenda vegna hagsmuna dótturfélagsins Fallorku ehf.

Rekstur Fallorku gekk vel á árinu. Framleiðsla virkjana í Djúpadal var 18,1 GWst. Yfirfall Djúpadalsvirkjunar 2 var hækkað um einn metra til að auka miðlun

og settur var upp nýr hreinsibúnaður fyrir inntak Djúpadalsvirkjunar 1. Sala á forgangsorku nam 126,6 GWst og jókst um 8% á milli ára. Seldar voru 31,9 GWst af ótryggri orku en Landsvirkjun hefur nú hætt sölu á slíkri orku og býður í staðinn forgangsorku til eins árs í senn. Þetta hefur valdið talsverðum kostnaðarauka fyrir viðkomandi notendur. Tekjur Fallorku námu 603 milljónum króna á árinu og hagnaður fyrir afskriftir var 111 milljónir króna. Hagnaður ársins var 1 milljón króna og veltufé frá rekstri 69 milljónir króna.

Rekstur hlutdeildarfélaganna Tengis hf. og NORAK ehf. var í samræmi við áætlanir og væntingar. NORAK ehf. selur Becromal Iceland aðgang að spennumannvirki félagsins fyrir fasta upphæð á mánuði óháð því hve mikil raforka

Þróun á verði rúmmetra heita vatnsins



Verð á rúmmetra kr. 50 árið 1985
Bláa línan er verð samkvæmt verðskrá Norðurorku frá árinu 1985 til 2012 en í dag kostar hver rúmmetri 98 kr. Rauða línan sýnir verð rúmmetrans ef það hefði fylgt vísitölu neysluverðs frá árinu 1985 en það ár kostnaði hver rúmmetri 50 kr. en væri 336 kr. í dag.



Hinn 1. desember 2011 fékk Norðurorka hf., fyrst orkufyrirtækja á Íslandi, heimild Neytendastofu til reksturs á innra eftirlitskerfi með sölumælum raforku og vatns (heitt og kalt).

Á myndinni eru Björn E Baldursson vottunaraðili frá Rafskoðun, Gisli Friðgeirsson sérfræðingur á Neytendastofu, Gunnur Ýr Stefánsdóttir gæðastjóri Norðurorku, Tryggvi Axelsson forstjóri Neytendastofu og Ágúst Torfi Hauksson forstjóri Norðurorku.

fer í gegnum spenna þess. Fyrir félaginu fer þriggja manna stjórn, einn frá hverjum hluthafa sem eiga félagið að jöfnu. Fulltrúi Norðurorku fer með formennsku í félaginu. Tengir hf. hefur staðið í ströngu þetta árið eins og hin fyrri en starfsemi félagsins snýst um að ljósleiðaravæða Akureyri og nágrenni. Mikil ásókn er í þjónustu fyrirtækisins og því bjart framundan. Lagður var ljósleiðari frá Dalvík til Ólafsfiarðar og Siglufjarðar í samvinnu við Fjallabyggð og er þjónustusvæði Tengis hf. nú allur Eyjafjörðurinn.

Norðurorka á svo í félagunum Hrafnabjarga-virkjun hf. og Íslenskri orku ehf. en þau félög hafa enga eiginlega starfsemi aðra en að halda utan um nýtingarrétt á hugsanlegum framtíðarvirkjanakostum. Norðurorka á einnig um 5% hlut í Netorku ehf. sem sér um meðferð gagna vegna raforkumarkaðarins. Norðurorka hf. er hluthafi í Orkey ehf. sem rekur litla lífdíselverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri. Þar er unnin lífræn díselolía úr innlendu hráefni svo sem notaðri steikingarfeiti, fituafskurði og aukaafurðum frá lýsisframleiðslu. Félagið er búið að framleiða talsvert magn af lífdísel sem hefur verið selt nokkrum stórnotendum. Stærsti farmurinn fór á togarann Björgúlf EA-312 eða um 20.000 lítrar af díselolíu sem notuð var á vélar skípsins í veiðiferð á haustmánuðum. Olían gaf góða raun og er þetta líklega í fyrsta skipti í heiminum sem fiskiskip fer til veiða á lífdíselolíu.

RANNSÓKNIR

Af rannsóknum Norðurorku hf. árið 2011 ber hæst jarðhitaleit í Hörgársveit en þar voru boraðar hitastigulsholur í þeirri von að finna vísbendingar um heitt vatn, innan við núverandi vinnslusvæði við Pelamerkurskóla. Jarðhitarannsóknirnar í Hörgárdal og Öxnadal eru á vegum Hörgársveitar og Norðurorku hf. en með stuðningi frá Orkusjóði. Fyrstu niðurstöður ÍSOR, sem sá um að staðsetja holurnar og mæla hitastig í þeim, benda því miður ekki til þess að virkjanlegur jarðhiti sé í nefnum dölum. Dregur það verulega úr líkum á því að ráðist verði í lagningu hitaveitu á svæðinu í bráð.

Á vormánuðum 2011 voru, á vegum Norðurorku hf., boraðar fimm rannsóknarholur í gamla urðunarstaðinn á Glerárdal ofan Akureyrar í þeim tilgangi að meta hvort vinnanlegt magn metangassværi í haugunum. Niðurstaðan er sú að áætlanir um gasmagn sem gerðar voru með líkindareikningum áður en borað var standast og að um verulegt vinnanlegt gasmagn er að ræða. Holurnar eru 7 til 17 metra djúpar og geta allar nýst sem vinnsluholur fyrir metan þegar vinnsla úr urðunarstaðnum hefst.

GÆÐAMÁL

Norðurorka hf. fékk árið 2009 vottun á því að gæðakerfi fyrirtækisins standist ISO 9001 gæðastaðalinn og hefur viðhaldið þeirri

vottun síðan. Áður eða árið 1998 hafði Vatnsveitan fengið vottun á GÁMES kerfi sitt en það heldur utan um gæði neysluvatnsins og er það í dag hluti af gæðakerfi fyrirtækisins. Gegnum vatnsveituna er Norðurorka hf. eitt stærsta matvælafyrirtæki á Norðurlandi þar sem allt vatn sem veitan afhendir flokkast undir matvæli og uppfyllir gæðakröfur þar að lútandi. Auk þessa er Norðurorka einnig með vottað rafmagnsöryggisstjórnunarkerfi sem jafnframt er hluti af gæðakerfi fyrirtækisins.

Hinn 1. desember 2011 fékk Norðurorka hf., fyrst orkufyrirtækja á Íslandi, heimild Neytendastofu til reksturs á innra eftirlitskerfi með sölumælum raforku og vatns (heitt og kalt). Þetta innra eftirlit er einnig hluti af gæðakerfi fyrirtækisins og felur í sér skipulagt eftirlit með sölumælum fyrirtækisins með hagsmunum þess og neytenda í forgrunninn og kemur í stað hefðbundinnar löggildingar. Þessi áfangi er góð viðurkenning á störfum þeirra sem fara með gæðamál og mælaumsjón hjá fyrirtækinu.

VATNSVEITAN

Í framkvæmdum við vatnsveitur Norðurorku bar hæst að farið var í umfangsmiklar framkvæmdir í Svalbarðsstrandarhreppi þar sem tengt var á milli svokallaðrar Halllandsveitu, sem þjónar syðsta hluta Svalbarðsstrandarhreypps, og Garðsvíkurveitu sem í dag þjónar norðurhluta hreyppsins. Með þessari tengingu mun í framtíðinni einnig skapast möguleiki á bættri þjónustu á svæðinu sunnan við Svalbarðseyri og að Halllandsveitusvæðinu, samhliða uppbyggingu á því svæði. Var ráðist í verkið í kjölfar samnings milli Norðurorku og Vega-gerðarinnar sem gerður var í tengslum við undirbúning gangagerðar um Vaðlaheiði. En fram hafa komið vísbendingar um mögulega neysluvatnsþurrð á syðra veitusvæði Norðurorku hf. í Svalbarðsstrandarhreppi, þar sem göngin eru talin skera berggrunninn með þeim hætti að þau muni opna grunnvatni nýjar leiðir, með þeim afleiðingum að núverandi neysluvatnsuppsprettur hverfi eða afkastageta þeirra minnki verulega.

Af öðrum framkvæmdum má nefna endurnýjun á hluta af Hesjuvallalindum og var árangur af þeirri endurnýjun góður og náðist í kjölfarið mun meira vatn úr endurnýjuðum lindum en fyrir var. Það er mikilvægt fyrir Norðurorku að virkja sem best vatnslindir sem eru ofan Akureyrar



Mynd úr hitaveitubrunni

þar sem ekki er dælingar þörf til að koma vatninu til viðskiptavina. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu verði fram haldið sumarið 2012. Eins var skipt um allan stjórnbúnað á Vöglum í Hörgárdal þaðan sem vatni er dælt til Akureyrar. Magn þeirrar dælingar fer að sjálfsgöðu eftir því hve vel tekst að ná vatni úr fyrrnefndum lindum ofan bæjarins.

HITAVEITAN

Litlar nýframkvæmdir voru við dreifikerfi hitaveitunnar á árinu. Helst ber þó að nefna lagningu dreifikerfis í Krossanesbraut vestan Krossanes.

Hvað viðhaldsvinnu áhræfir ber hæst að þrjár tengibrunnar voru aflagðir auk þess sem gert var við stofnlögn milli dælustöðvar í Þórunnarstræti og Miðlunargeymis við Súluveg þar sem tæring hafði skemmt lögnina vegna skemmdar á einangrunarkápu.

Hola BN-1 á Botni var endurvirkjuð með djúpdælu og voru afköst hennar aukin með því um 2 l/s af 90°C heitu vatni og er nú um 4,6 l/s dælt upp úr holunni. Einnig var unnið að lokafrágangi að Botni þar sem byggð var dælustöð og loftskilja sem teknar voru í notkun í lok árs 2010.

Þó nokkrar breytingar voru gerðar á aðveitukerfinu frá vinnslusvæðinu á Botni að Hrafnagili og afhendingaröryggi með því aukið verulega í Reykárhverfi. Einnig var endurnýjaður lokabúnaður við Reykárhverfi. Endurnýjaður var dælubúnaður í Eyjafirði og á Akureyri og búnaður í stjórnkerfi. Þá hefur verið mikið um smærra viðhald víðsvegar á þjónustusvæðinu meðal annars í heimæðum.

RAFVEITAN

Af framkvæmdum við rafveitu má nefna að sett var upp ný dreifistöð og er sú númer 111 í röðinni á Akureyri. Nýja dreifistöðin er við Síðubraut og þjónar tveimur notendum, nýrri flokkunar- og móttökustöð Gámaþjónustu Norðurlands og nýju akstursíþróttasvæði og ökugerði Bílklúbbs Akureyrar.

Akureyrarbær endurnýjaði yfirborð, malbik og gangstéttir í Þingvallastræti og aðeins norður Þórunnarstrætið á árinu. Af því tilefni voru endurnýjaðar raflagnir á viðkomandi svæði og reyndar aðeins út fyrir það. Endurnýjaðir voru stofnstrengir, götuskápar, heimtaugar, gatnálýsingarstrengir og hluti af háspennustreng milli dreifistöðva á svæðinu. Samkvæmt venju voru skoðaðar um



Starfsmaður kvaddur
Ágúst Torfi Hauksson og Magnús Lárusson



Starfsmaður kvaddur
Ágúst Torfi Hauksson og Guðmundur Brynjólfsson

10 dreifistöðvar á árinu samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi raforku. Dreifistöð 59 við Hrísalund var ein þeirra og í framhaldi af því var ákveðið að fara í allnokkrar endurbætur á stöðinni og nærliggjandi dreifikerfi. Taka þurfti rafmagn af tímabundið á meðan á þessum endurbótum og viðhaldi stóð. Var það eitt af mjög fáum rofum sem urðu í dreifingu rafmagns á Akureyri á árinu.

FJÁRHAGUR

Rekstur Norðurorku á árinu 2011 skilar sambærilegri afkomu og gert var ráð fyrir. Við gerð fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir minni verðbólgu en reyndin varð. Áætlanir voru um verðbólgu á bilinu 3 – 3,5% en

reyndist verða yfir 5%. Gengisþróun varð líka neikvæð, en gert var ráð fyrir að gengi héldist nánast óbreytt á árinu. Þá var vaxtaþróun frekar í hækkunarátt á erlendum lánum. Skuldir Norðurorku í ársbyrjun voru kr. 3.383 milljónir en höfðu lækkað í árslok í kr. 3.123 milljónir. Afborganir lána voru um kr. 416 milljónir. Áætlaðir vextir af lánasafninu eru í árslok 3,8%.

Tekjuþróun fyrirtækisins hefur verið á þann veg síðustu árin að gjaldskrá hitveitu hefur farið lækkanði, en gjaldskrá rafmagnsdreifingar og neysluvatns hefur nokkuð fylgt breytingum á neysluvísitölu. Athyglisvert er að skoða tekjur með tilliti til verðlagsþróunar neysluvísitölu. Þar kemur í ljós að tekjur hafa ekki vaxið umfram verðlagsbreytingar þrátt


fyrir vaxandi markað. Þetta endurspeglar þá stefnu að gjaldskrárbreytingar hafa ekki fylgt verðlagsbreytingum, sjá súluritið „Tekjur Norðurorku 2005 til 2011“.

Markmið félagsins er að halda áfram niðurgreiðslu skulda og er stefnt að því að greiða þær niður um að minnsta kosti kr. 400 milljónir á árinu 2012. Veltufjárstaða fyrirtækisins er sterk og tekist hefur að vinna fyrirtækið í gegnum þau áföll sem skulu á í kjölfar bankahrunsins. Þróun á eiginfjárstöðu fyrirtækisins síðan 2003, er það var gert að hlutafélagi, má sjá í töflunni „eigið fé og skuldir samstæðunnar í árslok“ hér fyrir neðan.


Þróun gengis og neysluvístölu sýnir mikinn óstöðugleika sem endurspeglast sérstaklega í mikilli verðbólgu sem sést á línuritinu „Þróun gengis EUR og NVT“.

Í kjölfar bankahrunsins voru eignir félagsins endurmetnar sem hafði jákvæð áhrif gagnvart gríðarlegum hækkunum skulda. Eigið fé félagsins hefur síðan gjörbreytt til hins betra, án þess að grípa hafi þurft til sérstakra hækkana á gjaldskrá fyrirtækisins, sem þvert á móti hefur lækkað eins og lýst er hér að framan. Sterk efnahagsstaða gefur félaginu styrk til að veita öfluga þjónustu.

ÞRÓUN GENGIS EUR OG NVT



TEKJUR NORÐURORKU 2005 TIL 2011



EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMSTÆÐUNNAR Í ÁRSLOK

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hlutafé	842.586	842.586	842.586	845.662	845.662	846.662	846.662	846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutafjár	247.301	247.301	247.301	264.225	264.225	268.225	268.225	268.225	268.225
Endurmatsreikningur							2.126.189	2.000.840	1.909.936
Þýðingamunur vegna hlutd.fél.							11.026	3.330	5.381
Óráðstafað eigið fé	66.060	283.452	53.400	1.112.995	1.483.595	-945.493	353.283	1.710.786	2.163.098
Samtals eigið fé	1.155.947	1.373.339	1.143.287	2.222.882	2.593.482	169.394	3.605.385	4.829.843	5.193.302
Langtímaskuldir (í þús.)	2.930.469	2.685.228	2.278.250	3.412.211	3.409.695	5.785.148	5.737.003	4.123.208	3.891.999

LJÓÐASAMKEPPNI NORÐURORKU UNDIR YFIRSKRIFTINNI „VATNIÐ“



Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri
Hlynur Viðar Sveinsson 4. bekk Brekkuskóla



Mikael Ásgeirsson 6. bekk Hríseyjarskóla
Árni Kristinsson 8. bekk Hríseyjarskóla



Sindri Snær Stefánsson 2. bekk Hrafnagilsskóla



Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri
Ragnheiður Pétursdóttir 7. bekk Brekkuskóla



Járnbrá Karítas Guðmundsdóttir 1. bekk
Hrafnagilsskóla




Katla Þórarinsdóttir 7. bekk
Grenivíkurskóla




Hildur Ósk Erlendsdóttir 10. bekk Brekkuskóla
Þórey Lía Þórisdóttir 10. bekk Brekkuskóla
Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri




HITAVEITA - ORKUVINNSLA Á MÁNUÐI




ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI



RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI



Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu Norðurorku



Unnið að endurbótum á Hesjuvallalindum

LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	22.460	22.963	22.973	22.963	23.087
Hú sveitur	6.226	6.386	6.342	6.404	6.799
Rúmmál húsa tengdra hitaveitu m ³	4.984.759	5.233.916	5.347.552	5.392.057	5.675.597
Hemlar	130	130	335	335	326
Orkumælur	0	0	0	202	243

ORKUÖFLUN Á JARÐHITASVÆÐUM	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	14	15	15	15	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	81	81	81	90	90
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m ³	5.723.029	6.196.472	6.312.228	6.428.215	6.563.538
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	89/60	89/60	89/60	89/60	89/60

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Lengd safn- og aðveituæða					
Stál m	52.720	52.720	52.784	52.784	53.216
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	64.520	64.520	64.584	64.584	65.016
Varmadælur					
Uppsett afl MW	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun GWh	1,800	0,080	0,137	0,035	0,035
Oliúketill					
Uppsett afl MW	12	12	12	12	12
Oliunotkun á árinu lítrar	0	0	0	0	0

DREIFIKERFI OG DÆLUSTÖÐVAR	2007	2008	2009	2010	2011
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) MW	93,7	93,7	93,7	102,7	102,7
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	70,0	72,9	81,9	82,1	79,8
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³	6.792.425	7.259.316	7.571.181	8.071.092	8.031.753
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	79/60	79/60	79/60	79/60	79/60
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72/58	72	72	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu TJ	1.464	1.565	1.632	1.740	1.732
Hlutfall orkuvinnslu					
Jarðhiti %	99,9	99,9	99,9	99,9	99,9
Rafmagn %	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Olía %	0	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	7	7	7	8	8
Heildarafnt dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.902	2.902	2.902	3.478	3.488
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	5.932	6.115	6.366	6.909	7.878
Miðlunarrými m ³	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis					
Stál m	371.630	409.987	411.233	417.505	418.750
Plast m	97.582	102.718	105.638	114.718	116.474
Samtals m	469.212	512.705	516.871	532.223	535.224
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	946	774	300	140	113
Hlutfall dreifikerfis					
Einfalt %	87	87	87	87	87
Tvöfalt %	13	13	13	13	13


VEITUSVÆÐI EKKI TENGD AKUREYRI

REYKJAVEITA	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu		2	2	2	2
Án djúpdælu		0	0	0	0
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C		90,0	90,8	90,8	90,8
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C		90,0	90,0	90,0	90,0
Lengd dreifikerfis					
Stál m		58.656	58.994	59.028	59.028
Plast m		26.295	27.434	28.254	28.925
Samtals m		84.951	86.428	87.281	87.952
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³		369.919	388.045	395.208	401.739


HRÍSEYJARVEITA	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu		0	0	0	0
Án djúpdælu		1	1	1	1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C		78°C	79°C	79°C	79°C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C		78°C	76,8°C	77°C	77°C
Lengd dreifikerfis					
Stál m		4.645	4.645	4.645	4.645
Plast m		1.931	1.931	1.938	2.003
Samtals m		6.576	6.576	6.583	6.648
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³		141.222	161.754	161.298	159.748

ÓLAFSFIJARÐARVEITA	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu		2	2	2	2
Án djúpdælu		1	1	1	1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C		57/67 °C	57/67 °C	57/67 °C	57/67 °C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C		60,9	60,9	60,9	60,9
Lengd dreifikerfis					
Stál m		24.344	24.317	24.353	24.353
Plast m		11	38	38	38
Samtals m		24.355	24.355	24.391	24.391
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³		1.317.441	1.241.100	1.215.160	1.216.460


RAFORKUDREIFING 2011




ÞRÓUN RAFORKUDREIFINGAR 1992 - 2011



ÁRLEG ÞRÓUN HEILDARRAFORKUFLUTNINGS



AFLTOPPAR FORGANGSORKU



RAFORKUDREIFING OG -FLUTNINGUR - GLERÁRVIRKJUN OG DJÚPADALSVIRKJUN TENGJAST BEINT INN Á DREIFIKERFIÐ

LANDSNET			VIRKJANIR		HEILD SAMTALS	FORGANGSAFL
MWh	Forgangsorka	Ótrygg orka	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun	MWh	MW
JAN	9.944	1.538	74	1.154	12.710	20,3
FEB	8.726	1.423	48	876	11.074	18,3
MAR	9.063	1.627	84	987	11.760	16,8
APR	7.193	1.462	129	1.438	10.221	16,1
MAÍ	6.820	1.457	205	1.745	10.228	15,6
JÚN	5.949	1.449	209	1.823	9.430	14,7
JÚL	5.558	1.480	217	1.851	9.107	12,5
ÁGÚ	6.218	1.431	214	1.916	9.779	13,6
SEP	6.958	1.419	185	1.680	10.242	14,6
OKT	7.951	1.466	200	1.612	11.229	17,1
NÓV	8.410	1.460	184	1.785	11.840	19,9
DES	10.703	1.331	80	1.327	13.439	21,0
Summa	93.494	17.541	1.830	18.195	131.059	19,87



LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA

ALMENNAR UPPLÝSINGAR		2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi íbúa á veituvæði	fjöldi	17.253	17.522	17.563	17.573	17.754

DREIFIKERFID		2007	2008	2009	2010	2011
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2	2
uppsett spennaafll	MVA	82	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	100	100	101	102	103
uppsett spennaafll	MVA	65,7	67	65,7	65,9	66,2
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	4	4	4	3	3
uppsett spennaafll	MVA	0,23	0,23	0,23	0,18	0,18
Tengiskápar	fjöldi	978	985	996	1003	1004
Sölumælur	fjöldi	9.020	9.175	9.221	9.245	9.383
Heimtaugar 25 - 63 A	fjöldi	3.603	3.649	3.664	3.670	3.676
Heimtaugar 100 - 315 A	fjöldi	384	395	398	400	403
Heimtaugar >400 A	fjöldi	74	79	82	83	85
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	107,8	108,7	110,3	111,1	111,2
230/400 V jarðstrengir	km	450,9	462	468,3	481,1	486,8
6 - 11 kV loftlínur	km	2,7	2,7	2,7	2,7	2,7
230/400 V loftlínur	km	4,7	4,3	4,3	4,3	4,3

DREIFIKERFID		2007	2008	2009	2010	2011
Varaafll	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,9	1,132/0,9	1,132/0,9	1,132/0,9
Raforkuflutningur til dreifiveitu	MWh	137.778	137.645	134.872	129.928	131.059
Eigin raforkuvinnsla	MWh	1.976	1.495	1.648	1.542	1.830
Forgangsrorka - mesta afl	MW	21,8	22,1	21,0	20,8	21,0
Forgangsrorka dreifing	MWh	114.069	117.150	115.532	112.061	113.518
Raforkudreifing	MWh	127.367	127.749	128.219	123.574	125.899
þar af til heimila	MWh	33.665	35.275	36.204	35.939	35.519
til iðnaðar	MWh	43.163	39.073	38.636	35.857	36.166
til þjónustu	MWh	45.920	47.769	47.870	46.116	50.794
annað	MWh	4.620	5.632	5.509	5.663	3.249
Raforkudreifing á hvern íbúa	kwh	7.382	7.856	7.301	7.032	7.091
Götuljósastólpar	fjöldi	4347	4427	4450	4465	4474

VIRKJANIR		2007	2008	2009	2010	2011
Glerárvirkjun	Afl kW	301	303	303	304	300
Framleiðsla	MWh	1.976	1.492	1.648	1.542	1.830




LYKILSTÆRÐIR - VATNSVEITA

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	EININGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi íbúa á veituvæði	fjöldi	18.225	19.373	19.436	19.440	19.779
Neysluveitur	fjöldi	8.976	9.056	9.121	9.132	4.927
Aukavatnsmælar	fjöldi	81	83	91	89	91
VATNSBÓL	EININGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi vatnsbóla	fjöldi	6 svæði	9 svæði	9 svæði	9 svæði	10 svæði
Grunnvatn - borholur	fjöldi / l/s	13/136	13/136	13/136	13/136	13/137
Lindir	fjöldi / l/s	25/60	30/70	30/70	30/70	30/71
Áætluð heildarafkastageta vatnsbóla	l/sek	420	430	430	430	430
VATNSNOTKUN	EININGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Hámarksálag hjá vatnsveitu	l/sek	167	167	167	166	167
Meðalnotkun á sólarhring	l/sek	132	109	136	148	165
Næturrennsli	l/sek	80	80	80	79	79
Vatnssala eftir mæli	m3/ár	1.914.989	1.343.195	1.580.038	1.863.114	2.449.622
Áætluð vatnssala	m3/ár	4.000.000	4.000.000	4.270.000	4.280.000	4.280.000
AÐVEITUÆÐAR	EININGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Plaströr	km	45	45	45	45	45
Asbeströr	km	1	1	1	1	1
DREIFIKERFI	EININGAR	2007	2008	2009	2010	2011
Plaströr	km	337	381	384,5	387,2	396,8
Seigjárnssteypurör	km	6	6	6	6	6
Asbeströr	km	4	4	4	4	4
Miðlun: Miðlunargeymar	fjöldi	7	8	8	8	8
Miðlunarrými	m3	6300	6400	6400	6400	6400
Dæling: Dælustöðvar	fjöldi	5	5	5	5	5
Uppsett afl dælumótora	kW	470	470	470	470	470
Keypt raforka á dælur	kWh/ár	272.960	423.440	417.394	521.273	767.888
Varaaflluppsett afl	kW	160	160	160	160	160




Sellandslindir á Glerárdal, Sútur og Kerling í bakgrunni
Rafn Herbertsson fv. yfirverkstjóri rifjar upp gamla tíma

KALDAVATNSÖFLUN 2011



KALDAVATNSÖFLUN ÞRÓUN 1995 - 2011



ORKUNOTKUN Á HEIMILUM - ÁÆTLAÐ MEÐALTAL verð með vsk og orkuskatti

Raforka, taxti A1		kWh	Kr. á ári	Kr. á mån.
Einbýlishús	4 í heimili	6.500	73.009	6.084
Raðhús	4 í heimili	5.200	58.407	4.867
Fjölbýlishús	4 í heimili	3.400	38.189	3.182
Heitt vatn		m ³	Kr. á ári	Kr. á mån.
Einbýlishús	180 m ²	750	98.453	8.204
Raðhús	130 m ²	465	68.903	5.742
Fjölbýlishús	80 m ²	220	43.501	3.625



PUNKTAR ÚR SÖGU JARÐHITAVINNSLU Í ÓLAFSFIRÐI OG FNJÓSKADAL

ÓLAFSFJÖRÐUR

Jarðhiti er þekktur á nokkrum stöðum í Ólafsfirði. Má nefna að jarðhiti hefur lengi verið nýttur frá Skeggjabrekkudal fyrir Ólafsfjarðarkaupstað og eins er vatn tekið úr borholu við Laugarengi fyrir bæinn. Við vestanvert Ólafsfjarðarvatn voru einnig lengi vel volgrur við yfirborð. Jarðhiti er einnig þekktur við Bakka, Hólkot, Vatnsenda og Reyki svo dæmi séu tekin.

Hitaveita Ólafsfjarðar tók til starfa árið 1944. Í upphafi var ein vatnsmesta laugin á Skeggjabrekkudal virkjuð með því að grafa niður og steypa brunn í kringum laugina. Brunnurinn var gerður að tillögu Trausta Einarssonar eðlisfræðings sem gerði nokkrar athuganir á Skeggjabrekkudal árið 1942.

Boranir á Skeggjabrekkudal hófust 1947 og leysti sjálfrennsli úr holum á Skeggjabrekkudal brunninn af hólmi sem uppspretta heita vatnsins fyrir veituna. Boranir við Laugarengi (Ósbrekkur) hófust ekki fyrr en eftir 1970 en Laugarengi var virkjað árið 1975. Vinnsluholan sem nú er notuð (ÓB-04) var boruð árið 1983 en hún leysti af hólmi holu ÓB-03 sem boruð var 1975. Sú hola þjónar nú sem varahola. Norðurorka tók við rekstri veitunnar í árslok 2005.

REYKIR Í FNJÓSKADAL

Jarðhiti hefur verið þekktur lengi við Reyki í Fnjóskadal. Heimildir eru fyrir því að laugin hafi verið nýtt til „þófs og þvotta“ snemma á 19. öld. Eins er vitað að tilraunir voru gerðar með matjurtaræktun í kringum Reykjalaug á 19. öld en lítill árangur var af því framan af. Upphaf grjóttgarðsins sem enn stendur að nokkru leyti í kringum gömlu lagina má rekja til þess að bændur vildu byggja skjólveggi til að hefta jarðvegsfok. Frá Reykjalaug rann heitur lækur og var útbúin lítill sundlaug í lækjarfarveginn skammt frá þeim stað er lækurinn rennur í Fnjóská.

Um miðja 20. öld voru ábúendur á Reykjum búinir að útbúa skrautblómagarð í kringum Reykjalaug og höfðu jafnframt reist gróðurhús undir matjurtir. Sömuleiðis virkjuðu ábúendur jarðhitann til húshitunar með því að leiða kalt vatn ofan úr fjalli niður í frumstæðan varmaskipti sem lá í frárennslinu frá Reykjalaug. Mismunur í hæð bæjarins og uppsprettunnar í fjallshlíðinni dugði til að þrýsta heitu vatni úr varmaskiptinum og upp í bæjarhúsið.

Jarðhitarannsóknir með nútímasniði hefjast að Reykjum á 8. áratug síðustu aldar. Þeim lauk með borun nokkurra grunnra holna árið 1980. Í framhaldinu var staðsett og

boruð dýpri rannsóknarhola, RF-07. Holan skar gjöfula æð á talsvert minna dýpi en menn höfðu átt von á. Ljóst var að holan var ekki við hið eiginlega uppstreymi jarðhitans heldur hafði hún skorið lárétt rennsli frá meginuppstreyminu. Eftir að hola RF-07 var boruð 1981 varð nokkurt hlé á rannsóknum á svæðinu. Holan sem var sjálfrennandi með um 90°C heitt vatn var nýtt fyrir Reyki II en nokkuð var haldið aftur af sjálfrennslinu við holutopp. Engu að síður er ljóst að holan skar aðrennsli að Reykjalaug en hún hvarf að mestu eftir borun RF-07.

Fyrir nokkrum ákvað svo Norðurorka að virkja jarðhitasvæðið að Reykjum fyrir hitaveitu í Fnjóskadal og á Grenivík. Boruð var önnur vinnsluhola við hliðina á RF-07 til að tryggja að varahola væri til ef eitthvað kæmi fyrir aðalvinnsluholuna eða dæluna í henni.



Frá Ólafsfirði





ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 2011

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	22
Áritun óháðs endurskoðanda	23
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymisyfirlit	26
Skýringar	27

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Félagið er orkuveitufyrirtæki sem selur heitt vatn, rafmagn og kalt vatn á Akureyri og nágrenni. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2011 að fjárhæð 473,1 millj. kr. Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam 5.193,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2012, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Hlutfé félagsins í árslok nam 846,7 millj. kr. Hlutfé skiptist á sex hluthafa í árslok, eins og í ársbyrjun. Einn hluthafi átti yfir 10% eignarhlut í félaginu, Akureyrarbær, sem átti 98,3% af heildarhlutfé félagsins.

Stjórn Norðurorku hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Akureyri, 5. mars 2012.

Í stjórn félagsins:



 Sveinur K. Afarsteinsson

 Njáll Trausti Friðbertsson

 Edward A. Højbens

 Ásdís Elva Ragnvaldsdóttir

 Sanna Björk Reynisdóttir

Forstjóri:



 Sveinur K. Afarsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðureikning Norðurorku hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 5. mars 2012.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur			
Sala	3	2.432.029	2.291.536
Söluhagnaður eigna		2.844	807
		<u>2.434.873</u>	<u>2.292.343</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup		589.279	547.345
Laun og launatengd gjöld	4	309.789	277.386
Annar rekstrarkostnaður		389.677	347.142
Afskriftir	8,9	348.087	340.116
		<u>1.636.832</u>	<u>1.511.989</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		798.041	780.354
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	(259.206)	589.560
Áhrif hlutdeildarféлага	11	31.359	9.892
Hagnaður fyrir tekjuskatt		570.193	1.379.806
Tekjuskattur	6,14	(97.059)	(125.219)
Hagnaður ársins	17	<u>473.134</u>	<u>1.254.587</u>
Hagnaður á hlut	7	0,56	1,48

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	7.243.720	7.366.880
Óefnislegar eignir	9	189.977	218.638
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	128.547	95.137
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	15.356	10.777
Verðbréfaeign	13	673.310	631.290
Fyrirframgreiddur kostnaður		5.160	5.823
Skatteign	14	60.720	142.505
Fastafjármunir samtals		<u>8.316.790</u>	<u>8.471.050</u>
Birgðir		86.556	85.324
Viðskiptakröfur		254.151	241.659
Kröfur á tengda aðila	21	56.661	59.012
Aðrar skammtímakröfur		4.443	7.971
Handbært fé	16	648.660	347.316
Veltufjármunir samtals		<u>1.050.471</u>	<u>741.282</u>
Eignir samtals		<u><u>9.367.261</u></u>	<u><u>9.212.332</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutfjár		268.225	268.225
Endurmatsreikningur		1.909.936	2.000.840
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		5.381	3.330
Óráðstafað eigið fé		2.163.098	1.710.786
Eigið fé samtals	17	<u>5.193.302</u>	<u>4.829.843</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	18	3.481.938	3.713.076
Langtímaskuldir samtals		<u>3.481.938</u>	<u>3.713.076</u>
Viðskiptaskuldir		139.635	131.496
Skuldir við tengda aðila	21	367	2.114
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	410.061	410.132
Aðrar skammtímaskuldir		141.958	125.670
Skammtímaskuldir samtals		<u>692.021</u>	<u>669.413</u>
Skuldir samtals		<u>4.173.959</u>	<u>4.382.489</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>9.367.261</u></u>	<u><u>9.212.332</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	17	473.134	1.254.587
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(2.844)	(807)
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum, breyting		0	(298)
Afskriftir	8,9	348.087	340.116
Höfuðstólslækkun langtímaskulda		0	(321.334)
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda		153.010	(341.991)
Áhrif hlutdeildarféлага	11	(31.359)	(9.892)
Skatteign, breyting	14	97.059	125.219
Veltufé frá rekstri		<u>1.037.088</u>	<u>1.045.600</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun		(1.232)	(9.142)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		54.786	(45.986)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		24.427	(130.889)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>77.981</u>	<u>(186.016)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.115.069</u>	<u>859.584</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(217.263)	(211.843)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.840	1.067
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildarfélagum		0	(39.225)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(5.527)	0
Útborgun eignarhluta í öðrum félögum		948	1.246
Skammtímakröfur, breyting		2.000	558.700
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(216.002)</u>	<u>309.944</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	17	(126.999)	0
Tekin ný langtímalán		0	120.000
Afborganir langtímalána		(406.240)	(1.016.459)
Skuldir við tengda aðila, breyting		(64.484)	(37.338)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(597.724)</u>	<u>(933.796)</u>
Hækkun á handbæru fé		301.344	235.731
Handbært fé í ársbyrjun		347.316	111.585
Handbært fé í árslok		<u>648.660</u>	<u>347.316</u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	20.000	0
Afborganir langtímalána		(20.000)	0

Skýringar

1. Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yferráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag er það félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2011. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á skatteign. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var síðast framkvæmt í árslok 2009.

d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

e. Dótturfélag

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

Skýringar, frh.:

f. **Hlutdeildarfélög**

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

g. **Eignarhlutir í öðrum félögum**

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

h. **Birgðir**

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

i. **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

j. **Handbært fé**

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

k. **Virðisrýrnun**

Bókfært verð eigna samstæðunnar er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignanna metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

l. **Tekjuskattur**

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatnsveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skýringar, frh.:

I. Tekjuskattur, frh.:

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Skatteign dótturfélags er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Reiknuð skatteign dótturfélags í árslok nemur 81,1 millj. kr.

Skatteign móðurfélags er færð að fullu til eignar.

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfsþáttum:

	2011	2010
Tekjur hitaveitukerfis	952.373	927.736
Tekjur vatnsveitukerfis	281.826	259.379
Tekjur rafveitukerfis	1.105.082	1.019.606
Aðrar tekjur	92.748	84.815
	<u>2.432.029</u>	<u>2.291.536</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	264.924	238.111
Launatengd gjöld	75.806	66.962
Kostnaðarverð eigin vinnu vegna fjárfestinga	(30.941)	(27.688)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>309.789</u>	<u>277.386</u>

Fjöldi starfsmanna í árslok	52	53
-----------------------------------	----	----

Laun og hlunnindi stjórna, forstjóra og framkvæmdastjóra félaga í samstæðunni námu 29,7 millj. kr. á árinu.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur og arður	54.214	57.770
Vaxtagjöld og verðbætur	(273.361)	(202.084)
Höfuðstólslækkun langtímaskulda	0	321.334
Gengismunur	(40.059)	412.242
Niðurfærsla eignarhluta, breyting	0	298
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(259.206)</u>	<u>589.560</u>

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall móðurfélagsins greinist þannig:

		2011		2010
Hagnaður fyrir tekjuskatt		570.193		1.379.806
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,00%	114.039	18,00%	248.365
Áhrif af breyttum tekjuskattshlutföllum	0,00%	0	(1,03%)	(14.251)
Eignarhlutir í öðrum félögum	0,00%	0	(0,00%)	(54)
Áhrif dótturfélags	(1,42%)	(8.099)	(4,84%)	(66.850)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu	(4,24%)	(24.178)	(1,42%)	(19.544)
Aðrir liðir	2,68%	15.298	(1,63%)	(22.447)
Virkur tekjuskattur	17,02%	97.059	9,08%	125.219

Skýringar, frh.:

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutfjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutfjár.

	2011	2010
Hagnaður ársins	473.134	1.254.587
Vegið meðaltal hlutfjár	846.662	846.662
Hagnaður á hlut	0,56	1,48

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Vatnsveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2011	5.413.678	1.965.321	2.580.031	1.126.802	11.085.833
Afskrifað samtals	(1.302.280)	(898.734)	(1.043.557)	(474.383)	(3.718.953)
Bókfært verð 1.1.2011	4.111.399	1.066.588	1.536.474	652.420	7.366.880
Keypt á árinu	39.719	40.120	59.703	57.721	197.263
Selt á árinu	0	0	0	(996)	(996)
Afskrifað á árinu	(146.218)	(49.635)	(73.945)	(49.628)	(319.426)
Bókfært verð 31.12.2011	4.004.899	1.057.073	1.522.232	659.516	7.243.720
Afskriftahlutföll	2,5 - 5%	2,5%	1,7 - 6%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími	20 - 40 ár	40 ár	17 - 60 ár	5 - 50 ár	

Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2009 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum samstæðunnar.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats á árinu 2011.

Sérstakt endurmat í árslok greinist þannig:

	2011	2010
Endurmetið bókfært verð	7.243.720	7.366.880
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(2.252.570)	(2.358.747)
Bókfært verð án endurmats	4.991.150	5.008.133

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:**Fasteignamat og váttryggingaverð**

Váttryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð samstæðunnar í árslok 2011 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Váttryggingarverð veitukerfa og virkjana	22.518.488
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	6.591.217
Váttryggingarverð fasteigna	1.834.033
Fasteignamat fasteigna	949.998
Fasteignamat leigulóða	152.425
Bókfært verð fasteigna	567.991
Váttryggingarverð lausafjármuna	284.968
Bókfært verð lausafjármuna	84.511

9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:

Bókfært verð 1.1.2011	218.638
Gjaldfærsla ársins	(28.661)
Bókfært verð 31.12.2011	<u>189.977</u>

10. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið átti eitt dótturfélag í árslok, Fallorku ehf. sem er hluti af samstæðureikningi Norðurorku hf. Bókfært verð eignarhlutans hjá móðurfélaginu nam 30,6 millj. kr. í árslok.

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig í árslok:

	Eignarhlutur	Bókfært verð	Fært í rekstrarreikning
NORAK ehf., Akureyri	33,33%	72.144	5.060
Tengir hf., Akureyri	38,41%	56.403	26.299
Bókfært verð 31.12.2011		<u>128.547</u>	<u>31.359</u>

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig í árslok:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Hrafnabjargavirkjun hf., Laugum	18,75%	1.875
Íslensk orka ehf., Akureyri	29,36%	57.113
Netorka hf., Hafnarfirði	4,40%	3.993
Orkey ehf., Akureyri	11,22%	6.278
Orkuvörður ehf., Akureyri	7,37%	<u>20.000</u>
		89.259
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		(73.902)
Bókfært verð 31.12.2011		<u>15.356</u>

13. Verðbréfaeign

Í árslok 2009 seldi Norðurorka hf. eignarhlut sinn í Þeistareykjum ehf. Sá hluti söluverðs sem greiddist á árunum 2019 til 2034 nemur 673,3 millj. kr., og er færður meðal langtímakrafna. Viðbótargreiðsla vegna sölu eignarhlutans er háð því að orkuvinnsla hefjist innan tuttugu og fimm ára frá undirritun kaupsamnings og er hún ekki færð í ársreikningi vegna óvissu um greiðslu hennar.

Skýringar, frh.:

14. Skatteign

Skatteign móðurfélagsins greinist þannig:	2011	2010
Skatteign í ársbyrjun	142.505	290.157
Breyting vegna endurmats	15.273	(22.432)
Reiknaður tekjuskattur ársins	(97.059)	(125.219)
Skatteign í árslok	<u>60.720</u>	<u>142.505</u>

Skatteign móðurfélagsins skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	(17.189)	(21.486)
Varanlegir rekstrarfjármunir	48.893	104.554
Birgðir	(728)	(717)
Viðskiptakröfur	161	(167)
Yfirfæranlegt skattalegt tap móðurfélags	46.473	92.788
Frestaður gengismunur	(16.891)	(32.466)
Skatteign í árslok	<u>60.720</u>	<u>142.505</u>

15. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	15.000	13.000
Tapaðar kröfur á árinu	(6.381)	(9.744)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	6.881	11.744
Niðurfærsla í árslok	<u>15.500</u>	<u>15.000</u>

16. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Sjóður og bankainnstæður	548.187	347.316
Markaðsverðbréf	100.472	0
Handbært fé samtals	<u>648.660</u>	<u>347.316</u>

17. Eigið fé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 846,7 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2011	846.662	268.225	2.000.840	3.330	1.710.786	4.829.843
Arður til hluthafa	0	0	0	0	(126.999)	(126.999)
Tekjuskattur af endurmati .	0	0	15.273	0	0	15.273
Afskrift endurmats	0	0	(106.177)	0	106.177	0
Gengismunur						
vegna þýðingar	0	0	0	2.051	0	2.051
Hagnaður ársins	0	0	0	0	473.134	473.134
Eigið fé 31.12.2011	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>1.909.936</u>	<u>5.381</u>	<u>2.163.098</u>	<u>5.193.302</u>

Skýringar, frh.:

18. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Skuldir í EUR	1.461.585
Skuldir í JPY	200.408
Skuldir í USD	30.799
	<u>1.692.791</u>
Skuldir í íslenskum krónum	2.199.208
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	3.891.999
Næsta árs afborganir	(410.061)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>3.481.938</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2012	410.061
Árið 2013	413.013
Árið 2014	416.145
Árið 2015	419.468
Árið 2016	362.092
Síðar	<u>1.871.219</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>3.891.999</u>

19. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap móðurfélagsins í árslok 2011, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 232,4 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýttist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt til ársins 2018.

20. Óvissa

Þann 20. desember 2006 urðu flóð í Djúpadalsá vegna náttúruhamfara. Jarðvegsstífla við Djúpadalsvirkjun 2 brast og flóðvatn olli tjóni á báðum virkjunum Fallorku ehf., dótturfélags Norðurorku hf., auk tjóns á samgöngumannvirkjum og eignum þriðja aðila. Tjón á virkjunum Fallorku ehf. er metið 127.957 þús. kr. og er tjón á stíflu þá ekki meðtalið. Tekið hefur verið tillit til áfallins tjónakostnaðar í reikningskilum félagsins og virkjanir félagsins eru komnar í fullan rekstur.

Þann 16. janúar 2010 úrskurðaði Úrskurðarnefnd Viðlagatrygginga að sú niðurstaða stjórnar Viðlagatryggingar að hafna bótaskyldu vegna tjóns í náttúruhamförum í Djúpadal í desember 2006, skyldi felld úr gildi. Ekki er þó kveðið á um greiðsluskyldu Viðlagatryggingar í úrskurðinum. Meginforsendur fyrir úrskurði Úrskurðarnefndarinnar voru að flóðið hefði stafað af náttúruhamförum, sbr. skýrslu Náttúrufræðistofnunar, að eignirnar hefðu verið viðlagatryggðar og að Fallorka ehf. hefði hvorki með ásetningi né stórfelldu gáleysi fyrirgert rétti sínum til bóta.

Með bréfi þann 4. febrúar 2010 tilkynnti stjórn Viðlagatryggingar að hún hafi „tekið þá ákvörðun að tjónbætur verði ekki greiddar að svo stöddu.“ Fallorka ehf. ritaði Úrskurðarnefndinni bréf þann 3. nóvember 2010 og krafðist þess að nefndin skýrði nánar úrskurð sinn frá 16. janúar 2010 eða úrskurðaði um bótaskyldu. Stjórn Viðlagatryggingar hafnaði greiðsluskyldu 3. nóvember 2011. Fallorka ehf. kærði þá ákvörðun til Úrskurðarnefndar með bréfi þann 2. desember 2011. Óljóst er hvenær og hvernig málinu lýkur.

Skýringar, frh.:

21. Tengdir aðilar**Skilgreining tengdra aðila**

Hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2011
Sala á vöru og þjónustu:	
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	100.434
Aðrir hluthafar	13.709
Hlutdeildarfélag	3.038
	<u>117.180</u>
Kostnaður:	
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	56.159
Aðrir hluthafar	1.948
Hlutdeildarfélag	1.779
	<u>59.886</u>

Staða:

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2011	
	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	52.056	(23)
Aðrir hluthafar	3.381	(344)
Hlutdeildarfélag	1.225	0
	<u>56.661</u>	<u>(367)</u>

Auk tekna hér að ofan fékk samstæðan greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð 1,4 millj. kr.

Viðskiptakjör við tengda aðila eru sambærileg viðskiptum við ótengda aðila hvað varðar verð, greiðslufrest, greiðslufyrirkomulag og aðra viðskiptaskilmála.

22. Kennitölur

Helstu kennitölur:	2011	2010
EBITDA - afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.146.128	1.120.470
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	1,52	1,11
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	55,4%	52,4%
Innra virði - eigið fé / hlutafé	6,13	5,70





Ljóðasamkeppni Norðurorku

Norðurorka efndi til ljóðasamkeppni meðal grunnskólabarna á þjónustusvæði sínu í Eyjafirði á árinu 2011. Þema ljóðasamkeppninnar var „VATNIÐ“. Ljóðasamkeppnin fór þannig fram að dreift var þátttökublöðum í 16 grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Keppt var í þremur flokkum, (I) nemendur í 1. til 4. bekk, (II) í 5. til 7. bekk og (III) í 8. til 10. bekk.

Í FLOKKNUM 1. TIL 4. BEKKUR

1. verðlaun; Sindri Snær Stefánsson,
2. bekk Hrafnagilsskóla fyrir ljóðið "Tárið"

Tárið

Glært tár rennur niður ána.
Er hún að gráta?
Ég stend og stari en
áin heldur áfram
og glansar í sólinni.
Ég fæ mér að drekka
og geng af stað.

Með ljóðasamkeppninni vildi Norðurorka hvetja grunnskólanemendur til þess að nýta ljóðformið til tjáningar um hvað eina sem tengist vatni og engin takmörk voru á efnistöku, þótt í kynningarbréfi væri kastað fram spurningunni „hvers virði er mér vatnið?“

Í FLOKKNUM 5. TIL 7. BEKKUR

1. verðlaun; Ragnheiður Pétursdóttir, 7. bekk Brekkuskóla fyrir ljóðið "Vatnið er gjöf"

Vatnið er gjöf

Í litlum læk
og í látlausri á.
Þar rennur vatnið
líkt og gjöf
sem náttúran hefur gefið
okkur.

Þátttaka var mjög góð og um 900 ljóð bárust frá skólum á Eyjafjarðarsvæðinu. Dómnefnd skipuðu Reynir Hjartarson kennari, Hólmfríður Andersdóttir bókavörður hjá Amtsbókasafninu og Birgir Sveinbjörnsson kennari, með dómnefndinni starfaði fulltrúi Norðurorku Baldur Dýrfjörð forstöðumaður.

Í FLOKKNUM 8. TIL 10. BEKKUR

1. verðlaun; Árni Kristinnson, 8. bekk Hríseyjarskóla fyrir ljóðið "Þorsti"

Þorsti

Hvar er ég?
Hvernig komst ég hingað?
Eina sem ég veit er
að sólin hefur þurrkað allt,
nema einn lítinn poll.
Þessi pollur var svo kaldur,
tær og svalandi.
Þetta ferska vatn
náði að svala þorsta mínum
í þessari heitu eyðimörk.





NORÐURORKA HF.
Rangárvöllum
603 Akureyri

Sími: 460 1300
Fax: 460 1301
No@no.is
www.no.is